

## Mannauðsstefna Múlakaffi

Mannauðsstefna Múlakaffi styður við heildarstefnu félagsins, Múlakaffi ehf. Markmið Múlakaffi er að hafa á að skipa hæfu, traustu og árangursdrifnu starfsfólki sem hefur faglegan metnað.

Lögð er áhersla á að tryggja fagleg vinnubrögð í hverju því sem við tökum okkur fyrir hendur.

Við leggjum áherslu á að starfsfólk sýni hvert öðru virðingu og sé heiðarlegt gagnvart sjálfu sér og öðrum. Hvatt er til þess að samskipti séu opin, hreinskiptin og uppbyggileg þar sem gagnkvæm virðing ríkir. Viðleggjum jafnframt áherslu á að starfsfólki stuðli að góðum starfsanda, leggi sig fram við að efla liðsheildina, styðji við hvort annað og um leið taki ábyrgð á eigin frammistöðu.

Múlakaffi leggur áherslu á að styðja við almenna vellíðan starfsfólks. Unnið er eftir jafnréttisáætlun og verður einelti og hvers kyns áreitni ekki liðin.

## Stjórnun

Við leggjum áherslu á að þeir sem sinna stjórnunarhlutverki komi fram af virðingu, séu hvetjandi, byggi upp traust og leggi sitt að mörkum til að skapa góða liðsheild.

Stjórnendur þurf að tryggja góða upplýsingagiöf til starfsfólks. Starfsfólk þarf að vera meðvitað um þær áherslur sem eru lagðar og hvað áhrif þær hafa á þeirra störf.

Við gerum þær kröfur til stjórnenda að þeir búi yfir hæfni í mannlegum samskiptum og hafi þekkingu á því hvað hvetur starfsfólk áfram. Stjórnendur hafa góðan skilning á rekstri fyrirtækisins og ábyrgð þeirra er skýr. Stjórnendur þurfa að vera aðgengilegir og hægt sé að stóla á að tekið sé á þeim málum sem upp koma fljótt og vel ásamt því að ákvörðunum sé framfylgt.

## Ráðningar

Við leggjum áherslu á að ráða hæft fólk til starfa og gætum jafnræðis við ráðningar. Við leitumst eftir að hafa starfsfólk með fjölbreyttan bakgrunn þegar litið er til kyns, aldurs, menntunar og reynslu.

Við tökum vel á móti nýju starfsfólki og stuðlum þannig að því að nýtt starfsfólk verði virkir þátttakendur í starfsemi fyrirtækisins sem fyrst.

Við starfslok kveðjum við þau sem láta af störfum með virðingu og leitumst við að hagsmunir starfsfólks og fyrirtækisins fari saman.

## Starfsumhverfi og samstarf

Við erum líflegur og áhugaverður vinnustaðar þar sem boðið er upp á góðan aðbúnað og gott starfsumhverfi. Starfsumhverfi einkennist af góðri stjórnun, samvinnu og liðsheild. Við leggjum áherslu á frumkvæði starfsfólks, jöfn tækifæri, traust og að starfsfólk taki ábyrgð á eigin frammistöðu. Allir bera ábyrgð á eigin verkefnum og tryggja gæði og áreiðanleika þeirra. Öll verkefni sem eru unnin eru mikilvæg og samskipti og framkoma starfsfólks einkennist að virðingu, trausti og heiðarleika.

Við lítur á sameiginleg markmið og ábyrgð sem mikilvæga þætti starfshvatningar, starfsánægju og árangurs í starfi.

Starfsfólk er bundið trúnaði um allt það sem kemur upp við framkvæmd starfa sinna og helst þessi trúnaður óbreyttur eftir starfslok.

## Jafnrétti og jöfn starfskjör

Við leggjum áherslu og jafnrétti og tryggjum að starfsfólk fái jöfn tækifæri og möguleika á að nýta hæfileika sína í starfi. Við leitum leiða til að tryggja jafnt kynja hlutfall hjá bæði stjórnendum og starfsfólki.

Við ákvörðun launa er fyllst réttlætis gætt og tryggt er að allt starfsfólk fái greidd jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Skuldbindum okkur jafnframt til að staðfesta og viðhalda jafnlaunakerfi til samræmis við kröfur jafnlaunastaðalsins og íslenskra laga hverju sinni.

Samþykkt af framkvæmdastjóra Múlakaffi 27. desember 2022.

---

Guðríður María Jóhannesdóttir